

# LÖG

## um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. másl. 2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Einnig er bannað að auglýsa með texta eða myndum, beint eða óbeint, að vara sem ekki hefur hlotið viðurkenningu sem lyf fyrirbygggi, lækni eða lini sjúkdóma, sjúkdómseinkenni eða verki eða lagi eða breyti líffærastarfsemi.

#### 2. gr.

Á eftir 1. mgr. 21. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú er lyfjabúð rekin af öðrum en lyfsöluleyfishafa og þarf þá rekstraraðili leyfi ráðherra til rekstursins. Leyfishafi rekstrarleyfis er ásamt lyfsöluleyfishafa ábyrgur fyrir því að farið sé að lögum þessum. Ráðherra er heimilt að svipta leyfishafa rekstrarleyfi brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara.

#### 3. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Ráðherra er jafnframt heimilt, að fenginni umsókn þar um, að veita tímabundið leyfi fyrir því að í lyfjabúð starfi aðeins einn lyfjafræðingur enda sé hætta á því að starfræksla lyfjabúðar leggist niður á svæðinu. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um að í lyfjabúðum þar sem umfang starfsemi er mikið skuli að jafnaði starfa fleiri en tveir lyfjafræðingar.

#### 4. gr.

Á eftir orðinu „lyfsöluleyfishöfum“ í 1. másl. 5. mgr. 30. gr. laganna kemur: þeim sem hafa fengið leyfi til vélskömmunar lyfja.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- a. Á eftir 2. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður er orðast svo: ákveðið dagsektir.
- b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ef fyrimælum Lyfjastofnunar er ekki sinnt innan tiltekins frests getur stofnunin ákveðið dagsektir sem lagðar skulu á eftirlitsskylda aðila samkvæmt lögum þessum. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 kr. á sólarhring. Skal upphæð þeirra fara eftir eðli brots og fjárhagslegum styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. Heilbrigðisráðherra setur nánari reglur um ákvörðun dagsekta í reglugerð.

Ef ákvörðun um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeir sem reka lyfjabúðir og ekki eru lyfsöluleyfishafar skulu sækja um leyfi til rekstursins fyrir 1. janúar 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 3. maí 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Jón Kristjánsson.*

**LÖG**

**um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988,  
með síðari breytingum.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

6. og 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

6. Sala bóka, jafnt frumsaminnna sem þýddra.

8. Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í viðauka við lög þessi. Sala veitingahúsa, mótuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu er þó skattskyld skv. 1. mgr. þessarar greinar. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis.

## 2. gr.

3. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Kaupandi, sem skyldugur er til að greiða virðisaukaskatt skv. 1. mgr., skal ótilkvaddur gera skattstjóra grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjaldldagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga. Um skattverð, uppgjör, álagningu, áætlun, endurákvörðun, álag, dráttarvexti og kærur skal, eftir því sem við getur átt, fara með eins og í viðskiptum innan lands. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

## 3. gr.

7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Orðin „og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu“ í 2. másl. 2. mgr. falla brott.

b. Á eftir 3. másl. 2. mgr. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Endurgreiðsla vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga eins fljótt og auðið er, þó aldrei síðar en 14 dögum eftir að skattstjóra barst erindið.